



# Ársskýrsla 2014

---

## Efnisyfirlit:

Yfirlit ársins.....	2
Helstu lykiltölur 2014: .....	3
Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir.....	4
Fræðsla, fundir og ráðstefnur.....	5
Langtímaúttektir 2014 –og fyrr .....	5
Aðferðir .....	6
Verklag.....	6
Niðurstöður .....	7
1. Lifandi tré .....	7
2. Tegundir.....	7
3. Hlutfall tegunda í úttektinni .....	8
4. Vöxtur .....	8
5. Ástand.....	10
6. Annað .....	10
Ársreikningur Skjólsgóga 2014 .....	11

## Yfirlit ársins.

Árið 2014 var að sumu leyti hagstætt til skógræktar og ekki skorti vætu yfir gróðursetningartímann. Veturinn 2013-2014 var hins vegar með eindæmum vindasamur og um vorið komu í ljós „kunnuglegar“ barrskemmdir á greni og furu vegna skafrennings. Þess konar skemmdir hafa lítið sést undanfarin 16 ár og ef til vill eru menn farnir að planta barrtegundum á full harðviðrasama staði. Snjóbrot sást einnig í fyrsta sinn í mörg ár á snjósöfnunarstöðum. Engar verulegar skemmdir urðu í nýgróðursetningum vegna skordýrabeitar líkt og undanfarin ár.


Fé til reksturs Skjólskóga á fjárlögum 2014 var 40,3 milljónir og lítið bólar enn á aukningu til skógræktar.

Verkefni Skjólskóga voru að mestu hefðbundin en áhersla var lögð á umfangsmiklar úttektir á jörðum sem lokið hafa framkvæmdum eða þar sem gróðursetning er orðin 7-10 ára, sjá bls. 5 til 11.

Ekkert varð af skipulagsbreytingum hjá landshlutaverkefnum á árinu og enn er ekkert afráðið í þeim efnum svo sem um hugsanlega sameiningu verkefna með svipaða starfsemi.

Talsverður áhugi er að vakna að nýju hjá landeigendum á starfssvæði Skjólskóga og á árinu voru gerðir tveir samningar um stækkun; Felli í Dýrafirði og Ármúla á Langadalsströnd. Ný jörð bættist í hóp skógarjarða á árinu en það er Holtsfit á Barðaströnd og við áramót voru þrír nýjir samningar í lokafrágangi: Skriðnafell á Barðaströnd, Kollafjarðarnes í Strandabyggð og Framnes í Bjarnarfirði.

Á árinu tóku Skjólskógar upp til reynslu nýja aðferð við að meta árangur gróðursetninga (til viðbótar við hefðbundna skoðun). Þessi aðferð felur í sér að kanna og skrá nákvæmlega að hausti ástand plantna og vinnubrögð á 100m<sup>2</sup> flötum. Þessi fletir eru með 250 m. millibili og merktir með járnhæl en til stendur að fara aftur í þá að ári og svo að lokum eftir 5 ár frá gróðursetningu. Með þessu móti fást með tímanum ýtarlegar upplýsingar um afföll, hvenær þau verða, í hvaða jarðvegsgerð eða gróðurhverfi og hjá hvaða tegundum.




Til vinstri er dæmi um hverig kerfisbundnir (langtíma) athugaunarpunktar dreifast um 85 ha. ræktunarsvæði. Grænu punktarnir eru dæmi um slembi-valda punkta fyrir 5-10 ára úttektina sjá bls. 6.

Myndin hægra megin sýnir tvær aðferðir við úttektir á 100m<sup>2</sup> mæliflötum. Sú efri er algengari og notuð fyrir fasta mælifletti. Sú neðri er einföld og fljótleg aðferð til að meta lífun og ástand í nýgróðursetningum samsumars.



Skaðar á barrnálum sem máttu þola 100 daga hvassviðri með tilheyrandi skafrenningi. Svo lengi sem endabrum lifir mun sprottinn ná sér



## Helstu lykiltölur 2014:

### Nokkrar lykiltölur Skjólaskóga 2007-2014


	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Fjöldi samningsjarða	44	46	46	52	52	52	53	57
Flatarmál samningslands (ha)	2291	2710	2710	2970	2970	2970	3017	3206
Fjöldi jarða sem eru að planta	33	30	31	34	34	24	17	21
Fjöldi skjólbeltaræktenda	0	0	1	2	2	2	0	1
Lengd ræktaðra skjólbelta	0	0	0,5	2,5	1,5	0,5	0	1
Árleg gróðursetning (plöntur)	330.000	289.366	313.225	230.833	311.833	209.573	209.943	191.350
Kostnaður pr. plöntu (gjöld/plöntufj.)	151,6	163,0	157,4	204,6	144,7	170,4	190,1	214,4
Grisjaðir hektarar	0	0	0	0	0	0	0,5	0
Ársverk	3,3	2,8	2,6	2,6	2,0	1,8	2,4	2,4

Tölur úr ársreikningi	2007	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014
Heildarfjárveiting	50.500.000	52.000.000	46.100.000	43.700.000	40.400.000	40.000.000	40.000.000	40.900.000
Heildargjöld	50.033.000	47.173.181	49.310.007	47.231.929	45.121.305	35.714.838	39.908.923	41.026.116
Laun og launatengd gjöld	17.589.659	15.909.119	16.164.787	17.280.994	14.013.346	12.860.489	17.405.830	18.911.699
Starfstengdur kostnaður	3.997.388	2.467.632	3.526.382	2.501.452	1.556.718	1.614.494	1.402.149	1.355.624
Þjónusta og húsnæði	1.596.729	1.357.256	1.046.423	1.643.756	1.339.152	1.267.480	1.101.469	1.325.791
Framlög til skógarbænda	23.326.000	22.622.000	23.447.835	23.018.483	25.764.664	18.084.168	17.495.277	17.561.915
Annar rekstrarkostnaður	2.985.209	4.500.929	5.124.580	637.244	2.449.241	1.890.265	2.004.599	1.871.087
Eignakaup	538.015	316.245	0	2.150.000	0	0	499.599	0
Sértekjur	1.069.473	455.000	3.592.842	167.479	1.626.073	2.058	651.855	290.188
Hagnaður/ tap (-)	467.191	4.826.819	382.835	-3.531.929	-2.884.601	4.287.220	742.932	164.072

Taflan að neðan greinir vinnustundir starfsmanna eftir viðföngum en kökuritið greinir kostnaðarliði í rekstri Skjólaskóga.


Flokkað í megin starfsþætti	klst.
Þjónusta við bændur, á vettvangi	532
Þjónusta við bændur, frá starfsstöð	908
Úttektir (langtíma) og rannsóknir	497
Áætlanagerð (árleg & langtíma)	145
Fræðslumál	371
Skrifstofa & stjórnun	1718
Vinnusala & annað	0

Ath. hér er eingöngu listaður virkur tími, en fríum, helgidögum og veikindadögum sleppt.



## Gróðursetningar og aðrar framkvæmdir.

Alls voru gróðursettar 191.350 skógarplöntur árið 2014 sem er 8% minna en árið áður.



Rúmir 70 ha bættust við plantaða skóga sem eru nú 1.780 hektarar á starfssvæði Skjólsskóga. Auk þess var endurplantað í 19 ha. Til verksins hafa farið 4,06 milljónir plantna frá upphafi.

Gróðursetning 2014	Fjöldi
Ilmbjörk	75.099
Sitkagreni/S.bast.	12.536
Rússalerki	47.773
Stafafura	19.680
Bergfura	3.960
Lindifura	4.068
Skógarfura	400
Alaskaösp	20.660
Reyniviður	3.010
Gráelri	840
Græn /Sitkaelri	240
Gulvíðir/strandavíðir	1.680
Loðvíðir	875
Ýmsar tegundir	529

Hlutföll tegunda árið 2014 urðu talsvert önnur en að var stefnt vegna mikilla affalla í gróðrarstöðvum. Við svokallaða RGC úttekt á framleiðslu í mars kom í ljós að stór hluti grenis, lerkis og furu var ónýtur. Ekki var tiltækt neitt að ráði af öðru en rússalerki en það tókst að bæta við umtalsverðu magni af lerki þannig að heildarfjöldi varð nokkunvegin sá sem að var stefnt.



Við ræktun sýnishorna í RGC borði kemur í ljós hvort skemmdir eru á brumum eða rótum plantna. (RGC = *Root Growth Capacity* eða rótarþróttur)

Myndin til hægri sýnir lerkiplöntur eftrir þriggja vikna ræktun í RGC borði. Brum kalin eða þróttlaus og rôtarkerfi nær dauðkalið. Ljós. Rakel Jónsdóttir.

Bein framlög til skógræktar hjá samningsbundnum skógarbændum námu alls 17,6 milljónir kr. á móti 17,5 milljón kr. árið 2013.

## Fræðsla, fundir og ráðstefnur.

**Aðalfundur** Félags skógarbænda á Vestfjörðum var haldinn á Höfða í Dýrafirði 28. Júní. Við það tækifæri gafst fundarmönnum færi á að fara í góða skógaröngu um skógrækt og skjólbelti Höfðabænda.

Starfsmenn og stjórn Skjólskóga sóttu **Fagráðstefnu skógargeirans** á Selfossi 12.-13. mars og var þema ráðstefnunnar að þessu sinni Skógur og skipulag.

Framkvæmdastjórar landshlutaverkefnanna fóru í nokkurra daga kynnisferð til skógarbænda á Jamtlandi í Svíþjóð, einkum til að kynna sér starfsemi félaga skógarbænda þar í landi og tækni við rekstur smáskóga, auk úrvinnslu og framleiðslu úr afurðum skóganna. Frá þessari ferð var sagt í grein í 2. tölublaði *Við skógareigendur* 2014.

Starfsmenn Skjólskóga sóttu **aðalfund Landsamtaka skógareigenda** (LSE) í Miðgarði í Skagafirði 29.- 30. ágúst.



Sighvatur Þórarinsson bóndi á Höfða stillir sér upp við birkitré frá 1998 í uppvaxandi hagaskógi.

## Langtímaúttektir 2014 –og fyrr

- Hvað er orðið um allt okkar strit? (Arnín Óladóttir)
- Úttekt á nokkrum skógræktarsvæðum á starfssvæði Skjólskóga á Vestfjörðum.

Nú, þegar Skjólskógar hafa starfað í 15 ár er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því hverju verkefnið hefur áorkað. Árangurinn má mæla í hversu margir bændur hafa samning við verkefnið, hversu mikið af landi hefur verið tekið til skógræktar eða hversu margar plöntur hafa verið gróðursettar. Og síðan er auðvitað nauðsynlegt að vita hvernig þessum plöntum reiðir af og hvernig skógar eru að vaxa upp á Vestfjörðum. Í því skyni hefur verið fylgst vel með skógræktarsvæðum og þau skoðuð reglulega. Einnig hafa orðið breytingar á verklagi á þessum 15 árum til að bregðast við augljósum göllum eða til að nýta sér greinilega kosti ýmissa aðgerða. En til þess að fá góða yfirsýn þarf að vinna markvissar úttektir eftir ströngum vinnureglum.

Úttekt á skógræktarsvæðum

Frá 2007 hafa alls 11 skógræktarsvæði verið tekin út. Svæðin eru valin þannig að það hefðu liðið að minnsta kosti 3 ár frá því lokið var við að gróðursetja í þau. Þannig fæst góð mynd af því hvernig skóginum reiðir af á þessum svæðum.

Árið 2007 voru tekin út skógræktarsvæði á Skálanesi í Reykhólahreppi og Hafnardal á Langadalsströnd. Árið 2009 voru síðan tekin út 5 svæði: Borg í Arnarfirði, Gileyri og Höfðadalur við Tálknafjörð, Breiðilækur á Barðaströnd og Tröð í Öndarfirði. Áfram var haldið 2013 og þá voru tekin út Kvígindisfell og Litli-Laugardalur í Tálknarfirði og að lokum voru 3 jarðir teknar út sumarið 2014, Svanshóll og Klúka í Bjarnarfirði og Dvergasteinn í Álftafirði.

Úttektin 2007 var framkvæmd af Arnlínu Óladóttur og Hallfríði Sigurðardóttur en frá 2009 hafa úttektirnar verið framkvæmdar af Arnlínu og Kristjáni Jónssyni.

Tilgangur úttektanna er:

- Tilgangur úttektarinnar er fyrst og fremst til að kanna ástand skógræktarinnar og hvaða aðgerða er þörf til að hún þjóni yfirlýstum tilgangi sínum.
- Hversu vel var að verki staðið – var áætlun fylgt og er skráning gróðursetninga rétt?
- Hvernig er staða skógarins í dag – þéttleiki, vöxtur, ástand.

## Aðferðir

Úttektir fara fram á grunni skógræktaráætlunar. Notast er við Arc-view landupplýsingakerfið sem Skjólsskógar nota og forritið látið taka slembiúrtak úr hverjum reit, 3 til 9 punkta eftir stærð reita. Um hvern þessara punkta er síðan tekin mæliflötur, 100 fm. Alls hafa verið skráðir 1.075 fletir á þessum 11 jörðum eða um 2,6% af 404 hekturum sem úttektirnar hafa náð til.

Í hverjum mælifleti voru öll tré skráð, mæld hæð og skráðar upplýsingar um ástand þeirra, t.d. vaxtarlag, kalskemmdir og fleira. Einnig voru skráðar upplýsingar um verklag sérstaklega þar sem greinilegir hnökrar voru á framkvæmdinni og reynt að gera sér grein fyrir ástæðum affalla þar sem þau voru mikil, eða athyglisverð á annan hátt.

Niðurstaðan var síðan framreiknuð fyrir hvern reit, hvert skógræktarsvæði fyrir sig og öll svæðin saman til að fá niðurstöðu fyrir Skjólsskógasvæðið í heild sinni. Þessi framreikning var síðan borin saman við áætlun annars vegar og skráðar gróðursetningar hins vegar til að fá upplýsingar um það hversu vel trén hafa lifað, hversu vel áætlun hefur verið fylgt og hvort að framkvæmdaskráning sé nákvæm.

Niðurstöður.

Úttekt af þessari stærð og fjölbreytileika gefur margbreytilegar niðurstöður og verður fjallað um hvern þátt fyrir sig.

## Verklag

Í heild eru gróðursettar tæplega 20 þúsund fleiri plöntur en áætlun sagði til um, eða um 3%. Stærstu frávikin eru þegar gróðursett var aftur í heila reiti vegna áfalla t.d. gæsabeitar eða áburðareitrunar.

Nokkur misbrestur er á því hversu vel áætlun hefur verið fylgt. Að meðaltali er gróðursett 20% meira í hvern reit en áætlun segir til um, en þessi munur er mjög misjafn. Af þeim 176 reitum sem úttektin náði til eru frávik innan við 30% í 116 reitum eða í 66% reita. Helstu frávik eru þegar gróðursett er í reiti sem áttu að vera nánast alveg tómir - í votlendi, umhverfis rústir og sérstaklega í ógróíð land. Þar mælast að sjálfsögðu mikil frávik og eru dæmi um að allt að 5 sinnum fleiri plöntur séu skráðar í hvern reit en áætlun sagði til um.

Þessi frávik eru almennt vel ásættanlegt. Vitað er um ástæður í hluta af þessum frávikum þar sem einhver sérstök áföll urðu strax við gróðursetningu og var gróðursett aftur í mörg af þeim svæðum. Sem dæmi má taka þegar plöntur lifnuðu ekki vegna rôtarkals, þar sem áburður var settur undir plönturnar, gæsir gæddu sér að aspargróðursetningu og hart næturfrost eina vornótt drap nýgróðursettar greniplöntur. Hins vegar þarf að leggja meiri áherslu á verndarsvæðin og gæta þess að ekki verði gróðursett í þau. Hluti þessarra svæða eru vernduð með lögum, s.s. fornleifar og votlendi.

Almennt var vel að verki staðið við gróðursetningu, plöntum var valinn góður staður miðað við aðstæður og þær sátu vel. Misbrestir á þessu heyrta til undantekninga en sáust þó – gróðursett var í ógróid land með tilheyrandi frostlyftingu, áburður hafði ekki verið settur með plöntunum og þær stóðu greinilega í sverti og brögð voru að því að flekkjun væri ábótavant þannig að hluti rôtarköggulsins stóð uppi í gróðrinum. Svolítið var um að tré stóðu allt of þétt jafnvel var innan við 1 m á milli stöndugra trjáa. Líklega hefur þá verið farið yfir svæðin í tví- eða jafnvel þriggja með hverja tegund um sig í stað þess að blanda plöntum í bakkana. Einnig getur verið að plöntur hafi verið afskrifaðar en náð sér síðan á strik eftir að búið var að gróðursetja aðra í staðinn.

## Niðurstöður

### 1. Lifandi tré

Alls voru skráð 12.533 tré í úttektinni sem jafngildir að lifandi séu 481.819 tré. Þetta er 64% af þeim 754.000 trjám sem gróðursett voru í þessa reiti. Hlutfall lifandi trjáa er mjög misjafnt eftir jörðum frá 94% þar sem best hefur tekist til og niður í 56% þar sem afföll hafa verið mest. Innan hvers svæðis er líka misjöfn útkoma eftir reitum. Ekki tókst að finna neina samsvörun í heild á milli affalla og annarra þátta s.s. gróðurs eða gróðurþekju.

### 2. Tegundir

Alls fundust lífvænleg tré af 32 tegundum í úttektinni af 39 tegund sem var gróðursett á þessum jörðum.

#### Lauftré

Ilmbjörk  
Steinbjörk  
Reyniviður  
Blæösp  
Alaskaösp  
Blæelri  
Gráelri  
Sitkaelri  
Alaskavíðir  
Brekkuvíðir  
Gulvíðir  
Hreggstaðavíðir  
Jörvavíðir  
Körfuvíðir  
Loðvíðir  
Selja  
Viðja


#### Barrtré

Bergfura  
Lindifura  
Skógarfura  
Stafafura  
Evrópulerki  
Fjallalerki  
Mýralerki  
Lerkiblandingur\*  
Rússalerki  
Blágreni  
Hvítgreni  
Sitkagreni/bastarður  
Svartgreni  
Fjallaþinur  
Fjallaþöll

*\*Lerkiblandingur er blanda af fjallalerki og risalerki, var upphaflega gróðursett sem fjallalerki, en hefur líklega blandast risalerki í fræhúsi.*

### 3. Hlutfall tegunda í úttektinni

Þegar borið er saman hlutfall tegunda af því sem var gróðursett og því sem kom fram í úttektinni má sjá hversu vel einstöku tegundir hafa lifað. Birki, fura og víðir hafa aukið hlutfeld sína og því lifað mjög vel, en greni, elri og ösp hafa minnkað hlutfallslega og því er minna lifandi af þeim en meðaltalið segir til um. Lerki er enn í svipuðu hlutfalli og í upphafi og hefur því lifað nálægt meðaltali eða um 64%.




Björk og greni eru algengustu tegundir skóganna en 36% og 27% af trjám sem lentu í mæliflötum eru af þesum tegundum, eða 63% alls.

Afföll geta verið af ýmsum ástæðum. Eitthvað er um að beitardýr hafi komist inn í skógræktargirðingar og má skýra hluta affalla með því, sérstaklega á lauftrjám. Plöntur hafa hreinlega orðið undir þar sem grasvöxtur er mikill og hins vegar hafa orðið afföll á snauðum holtum þar sem vindálag og næringarskortur hefur orðið plöntunum ofviða. Á tímabili var mikið rôtarkal í gróðrastöðvum að vetri, sérstaklega á barrtrjám. Þetta rôtarkal kom ekki fram fyrir en búið var að gróðursetja hluta af plöntunum og hafa efalaust orðið mikil afföll af þessum plöntum.

Sumarið 2010 varð vart við talsverð afföll vegna maðkplágu sem lagðist á lyngmóa og þær smáplöntur sem þar voru. Ekki er vitað um afföll af þessum sökum áður, en ekki ólíklegt að þetta hafi gerst áður í þurru lynglendi þó að það hafi ekki verið í þeim mæli að eftir því væri tekið

### 4. Vöxtur

Alls voru skráðar 12.533 tré í úttektinni og var hæð þeirra að meðaltali tæpir 58 cm. Lægstu trén voru allt niður í 10 cm, yfirleitt á skjóllitlum holtum, plöntur sem höfðu verið bitnar, orðið fyrir endurteknu kali og jafnvel frostlyftingu. Talsverður munur er á vexti trjánna á þeim jörðum sem voru teknar út, lægsta meðalhæð var 29 cm (árið 2007), en sú hæsta 89 cm. Þessi munur á vaxtarhraða er fyrst og fremst vegna mismunandi gróðurhverfa, vatnsmiðlunar og landslags.




Sem dæmi má taka mæliflöt í Höfðadal þar sem tæpur helmingur hans lenti í mosa og hinn helmingurinn í graslendi. Lítil afföll voru í fletinum, en greinilegur munur á hæð í grasi og í mosa þannig að hver planta fékk athugasemd um hvort hún væri að vaxa í mosa eða grasi. Í þessum fleti var aðallega birki, en einnig bæði stafafura og bergfura auk rússalerkis.




Gróðurinn er fyrst og fremst vísbending um aðstæður í jarðvegi. Undir mosanum er gróf urð sem heldur illa jarðvegsvatni, en undir grasinu er vatnsheldnari jarðvegur, auðugur af næringarefnum.

Þessi sami munur kemur berlega í ljós, þegar teknir eru saman allir reitir sem voru teknir út árið 2009 og vaxtargeta í þeim.



Meðalhæð þeirra reita sem teknir voru út árið 2009, skipt eftir gróðurflokkum.



Hæsta tréð sem lenti í úrtaki er 4,5 m há alaskaösp en birki, alaskavíðir, og hreggstaðavíðir hafa öll náð þriggja metra markinu.


## 5. Ástand

Við skráningu var ástandslýsingu skipt í: *engin athugasemd, toppkal, gamalt toppkal, endurtekið toppkal, tví/margstofna og tví/margtoppa*. Plöntur sem voru lifandi, en ekki líklegar til að vaxa áfram fengu einkunnina *ræfill*. Einnig voru skráðar athugasemdir og voru algengustu athugasemdirnar: *svöng planta, bitin eða glæsileg planta*.

Plöntur sem fengu enga athugasemd eða voru með gamalt toppkal sem þær höfðu jafnað sig á teljast *góðar plöntur*, ræflar teljast *lélegar plöntur* en aðrar teljast *gallaðar*.

Einkunn	Fjöldi	Hlutfall
Góðar	6832	55%
Gallaðar	5078	41%
Lélegar	623	5%

Í heild eru 54 % af trjánnum í mjög góðu ástandi, 41 % eru gallaðar en þá galla má laga með klippingu og/eða áburðargjöf. 5 % af plöntum í úrtakinu töldust *ræflar* eða voru að öðru leyti mjög lélegar. Líklega munu þeir einstaklingar gefast upp innan tíðar eða verða mjög lengi að ná sér.



## 6. Annað

Auk trjánna hefur víðast orðið breyting á undirgróðri við friðun frá beit. Blómjurtir blómstra meira og einir er greinilega bitinn, því að hann er að vaxa vel á friðuðum svæðum. Berjaspretta hefur aukist og svo fylgja trjánnum sveppir sem gjarnan koma upp í miklum mæli í góðum árum.

Hvernig skógar eru að vaxa upp á þessum svæðum?

Þegar upp er staðið er árangur verkefnisins falinn í þeim skógi sem er að vaxa upp. 15 ára saga er stutt í skógrækt, gefur aðeins vísbendingar um það sem koma skal. Dæmigerður vestfirskur skógur er nú með um 1.500 lifandi plöntur á hektara og að meðaltali 58 cm hár.

En meðaltalið segir ekki alla söguna. Annars vegar eru að vaxa upp þéttir lundir á bestu stöðum og eru trén þar orðin um 1,5 m á hæð að meðaltali. Hins vegar eru síðan holt og melar, þar sem aðeins eru lifandi um 1.000 tré á hektara og meðalhæð ekki nema um 40 cm. Einnig hafa orðið afföll í frjósömu landi þar sem plöntur hafa ekki haft við grasvextinum.

Af öllu þessu má læra til að bæta verklag og auka árangurinn af skógræktinni. Meiri jarðvinnsla þarf á frjósamari svæði til að keppa við grasið, fylgja þarf eftir gróðursetningum á ófrjóum svæðum með reglulegri áburðargjöf á 2-3 ára fresti uns trén eru orðin um 1 m á hæð og ekki sakar að velja betra land til skógræktar. Gott timbur vex ógjarnan upp nema við sæmilega skilyrði. Landgræðsluskógar eru einnig mikilvæg stoð í skógræktaráformum, til að auka frjósemi landsins en líklega verður ekki gott timbur úr þeim í fyrstu kynslóð.

Þá er nauðsynlegt að hirða um skógana. Eins og kemur fram hér að ofan eru 41% trjánna gölluð, en þó aðeins að því marki að laga má þau með klippingu. Það er ágætis vetrariðja að ganga um skógana og klippa toppa og stofna til að fá fram einstofna og beinvaxin tré.

## Ársreikningur Skjólskóga 2014

- ásamt fundargerðum stjórnar eru aðgengilegur á heimasíðu Skjólskóga: <http://www.skjolskogar.is>

Apríl 2015